



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Áskorun gegn hagræðingu úrslita og lyfjamisnotkun í íþróttum

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, hvetur sambandsaðila ÍSÍ og aðildarfélög þeirra að vinna áfram markvisst, í samvinnu við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og aðra viðkomandi aðila, gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og lyfjamisnotkun í íþróttum.

Jafnframt hvetur þingið sambandsaðila ÍSÍ, íþróttafélög og deildir til að setja ákvæði í ráðningarsamninga sína við þá sem koma að íþróttastarfi sem lúta að heilindum, hvort heldur er hagræðing úrslita, veðmálastarfsemi eða lyfjamisnotkun.

Greinargerð:

Hagræðing úrslita í íþróttum er stórt áhyggjuefni íþróttahreyfingarinnar á heimsvísu enda hefur hún aukist verulega á síðustu árum m.a. með tilkomu hraðvirkari tækni, afnámi viðskiptalandamæra og tilkomu ólöglegar veðmálastarfsemi. Ógnar þetta heiðarleika í íþróttum og ímynd hennar.

Evrópuráðið hefur leitt gerð alþjóðasamnings sem á að setja stoðir undir allt starf sem lýtur að því að koma í veg fyrir að úrslitum í íþróttum sé hagrætt. Samningur Evrópuráðsins var samþykktur í ráðherraráði Evrópuráðsins í júlí 2014. Ísland gerðist aðili að samningnum í nóvember 2014. Í samningnum er kveðið á um ábyrgð allra þeirra aðila sem hafa snertiflöt við veðmálastarfsemi, þ.e. löggjafinn, eftirlitsaðilinn og fyrirtækin sem eru með veðmálastarfsemi auk íþróttahreyfingarinnar sem eru framkvæmdaraðilar allra íþróttaviðburða.

Þó víða í lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar og sérsambanda ÍSÍ séu ákvæði um heilindi og virðingu fyrir þeim lögum og reglum sem hreyfingin vinnur eftir þá er brýnt að vinna að því að koma regluverki hreyfingarinnar í það horf að ekki taki af neinn vafa hvernig tekið er á brotum er lúta að hagræðingu úrslita eða einstökum atriðum innan leiks/keppni. Eins og fram kemur í skýrslu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um hvernig hægt sé að vinna að samstarfi innanlands og í alþjóðlega gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum þá er góður grunnur bæði í lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar sem og landslögum en þó þurfi að vinna að nákvæmari reglusetningu til að hægt sé að taka á málum með markvissum hætti.

Á vegum stjórnvalda er að störfum samráðsvettvangur um hagræðingu úrslita kappleikja skv. 13. grein Evrópusamnings um hagræðingu úrslita íþróttakeppna þar sem ÍSÍ á m.a. fulltrúa.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar